

Colas Ísland hf.
Gullhelli 1
221 Hafnarfjörður

9. janúar 2026
UOS2501711/K.K.

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfis- og orkustofnun vísar í bréf sitt frá 10. desember, þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð í eftirliti í Colas Ísland hf. - Benninghoven þann 1. desember 2025. Þann 18. desember 2025 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. Gr. 11 í reglugerð 851/2002 um grænt bókhald. Fyrirtæki sem færa eiga grænt bókhald skulu fyrir 1. maí ár hvert senda útgefanda starfsleyfis skýrslu um grænt bókhald. Grænt bókhald fyrir árið 2023 barst ekki fyrir 1. maí 2024.
Lýsing á úrbótum: Gera grænt bókhald tímanlega
Lok úrbóta: 1. maí 2026 Ábyrgðaraðili: Guðbjörg
2. Frávik frá gr 43 í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir skulu tryggðar við reksturs lausageyma. Bambar, neyslugeymar og tunnur eru á svæðinu án árekstrar- og lekavarna.
Lýsing á úrbótum: Fjarlægja tóma bamba
Lok úrbóta: 30. janúar
Lýsing á úrbótum: Setja bamba á lekabyttur
Lok úrbóta: 30. Apríl
Lýsing á úrbótum: Setja árekstrarvarnir við lekabyttur og neyslugeymi
Lok úrbóta: 30. maí

Umhverfis- og orkustofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti stofnunarinnar.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfis- og orkustofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Kristín Kröyer

Teymi eftirlits

Frigg Thorlacius

Lögfræðingur, teymi eftirlits